



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 1. febrúar 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar mánudaginn 1. febrúar 2010, kl. 14:30 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Ágúst Þór Bragason setti fundin og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Staða á hönnunarvinnu lokaáfangna
2. Búnaður í tengslum við framkvæmdirnar
3. Girðing og afmörkun á svæðinu
4. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

- 1) Lögð voru fram hönnunargögn og þau rædd. Um er að ræða gögn vegna loftræstibúnaðar, lagna í lagnakjallara, frágang lóðar og yfirlitsmynd af svæðum með snjóbræðslu. Tæknideild var farið að halda áfram vinnu við framkvæmdina og að hún leyti tilboða í einstaka verkþætti í verkinu.
- 2) Farið var yfir kaup á einstaka búnaði, svo sem lyftu, vatnsrennibraut og rætt um afgreiðslukerfi í anddyri.
- 3) Farið var yfir hönnun á girðingu umhverfis sundlaugargarðinn. Samþykkt að klæðningin verði úr lerki og að á hornunum sitt hvoru megin verði glerveggir. Stefán fór yfir stöðuna og kynnti tilboð í efni.
- 4) Önnur mál.
  - a) Guðmundur gerði grein fyrir vinnu við opnun þreksalar. Gert er ráð fyrir að opna salin á næstu dögum.
  - b) Stefán gerði grein fyrir því að verktakar í 2 áfanga ættu að mestu að ljúka við hann í lok mánaðarins.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15.45.

Valgarður Hilmarsson  
Guðmundur Haraldsson  
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason